



Íslenska

Kennari: Kolbrú Ósk Guðjónsdóttir og Kolbrún Hjørleifsdóttir

Almennt um kennsluna: Samkv. stundaskrá eru 6 kennslustundir á viku tileinkaðar íslensku, greinin er að auki samtvinnuð inni allar aðrar námsgreinar með ýmsum hætti. Við tileinkum okkur vandað íslenskt mál í öllum samskiptum og einblínum á, að við leik og nám séu gripin tækifæri sem bjóðast við byggja ofaná orðaforða og átta okkur á misjöfnum merkingum orða í rituðu og töluðu máli.

Samkv. aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: heilbrigði og velferð, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, læsi, sjálfbærni og sköpun. Leitast skal eftir að tengja þessa þætti inni form kennslunnar eins og kostur er.

Námsgögn: Ritrún 2 og 3, Skrift, sögubókin, Lesum saman, Litlu landnemarnir, Lesrún, ljósrituð verkefni, náttúra okkar og umhverfi.

Við íslenskukennslu 3.bekkar er kennslunni skipt upp fjóra flokka námshæfniviðmiða sem að nýtt eru sem þræðir í gegnum kennsluna, aðferðir og námsgögn.

Námshæfniviðmiðin eru flokkuð og útskýrð á eftirfarandi hátt:

Talað mál, hlustun og áhorf

Nemandi:

- Þjálfist í að beita skýrum og áheyrilegum framburði
- Þjálfist í að hlusta á upplestur af ýmsum toga
- Geti lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum
- Taki þátt og fái tækifæri til að horfa á leikþætti og/eða söngatriði
- Geti sagt frá eftirminnilegum atburðum og eigin reynslu
- Geti átt góð samskipti, hlustað, tekið þátt í umræðum og sýnt kurteisi
- Öðlist meiri málþroska og skýra framsögn
- Þjálfist í að koma fram og tjá sig fyrir framan bekkinn
- Þjálfist í að hlusta á og fara eftir munnlegum fyrirmælum
- Geti endursagt efni sem hann hefur hlustað eða horft á

Lestur og bókmenntir

Nemandi:

- Þekki algengar orðmyndir
- Geti lesið léttan texta með skilningi og unnið með hann
- Geti lesið í hljóði í stuttan tíma í senn, t.d. yndislestur



- Læri einfaldar vísur, ljóð og þulur og kynnist fjölbreyttum frásögnum, t.d. ævintýrum, þjóðsögum, blaðagreinum og fleira.
- Fari reglulega á bókasafn og fái bækur lánaðar
- Kynnist hvernig bækur eru byggðar upp, t.d. forsiðu, baksíðu, efnisyfirlit, kafla og atriðisorðaskrá
- Geti lesið einföld fyrirmæli og farið eftir þeim
- Kynnist hugtökunum söguþráður, sögupersónur, boðskapur, rím, vísa og lóðlína
- Geti endursagt sögu í aðalatriðum
- Geti spáð fyrir um framhald sögu (forspá)

Ritun

Nemandi:

- Þjálfí skriftaráttina
- Dragi rétt til stafs
- Vandí skrift og frágang
- Háfi bíl á milli orða
- Þjálfí fin- og grófhreyfingar með fjölbreyttum verkefnum
- Haldi rétt á skriffæri
- Kynnist hástöfum og lágstöfum
- Skrifí orð eða stuttar setningar um ákveðið efni
- Læri að búa til og nota hugarkort
- Kynnist hugtökunum upphaf, miðja og endir
- Geti búið til sögu/myndasögu með einfaldri atburðarás
- Fáí margskonar tækifæri til þess að skrifa, semja sögur eða ljóð með eða án aðstoðar

Málfræði

Nemandi:

- Skilji hvað rím er og geti fundið orð sem ríma
- Þekki hugtökin hljóð, bókstafur og setning
- Þekki sérhljóða og samhljóða
- Þekki hugtökin og vinni með samheiti og andheiti, eintölu og fleirtölu og kynnist samsettum orðum
- Þekki stafrófsþuluna



Tekið skal fram við það sem að á undan er getið er verið að horfa til viðmiða. Leitast skal við að aðlaga námið við þarfir hvers og eins nemenda og leggja þeim til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir. Í kennslunni er leitast eftir að hver og einn nemandi fái verkefni sem að hæfir getu hans og þroska og þá horft til sértækra námsörðugleika sem og bráðgerra einstaklinga.